

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 10. apríl 2017
UST201703-245/B.S.
08.12.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - alifuglabú – Jarlsstaðir. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 24. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Ráðgert er að byggja tvö eldihús fyrir samtals 60.000 kjúklinga á lögbýlinu Jarlsstöðum í Rangárþingi ytra.

Í greinargerð kemur fram að helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar varða meðhöndlun hæsnaskíts, fráveitumál og lyktarmengun.

Talið er að á búinu muni falla til u.þ.b. 324 tonn af hæsnaskít árlega. Gert er ráð fyrir að hvert tonn af hæsnaskít innihaldi 2,5 kg af köfnunarefni og heildarmagn köfnunarefnis yrði um 810 kg á ári. Samkvæmt viðmiðunarreglum er þörf á u.þ.b. 4,8 ha lands til að taka við slíku magni árlega en jörðin Jarlsstaðir er alls 917 ha. Gert hefur verið samkomulag við Landgræðsluna að taka við hæsnaskít frá búinu á tímabilinu 1. nóvember til 15. mars árlega þannig að í nágrenni hæsnabúsins verður einungis dreift um helmingi þess skíts sem til fellur.


Fram kemur í greinargerð að ÍSOR hafi komist að þeirri niðurstöðu að grunnvatni stafi ekki hætta af alifuglabúinu, hvorki vegna dreifingar hæsnaskíts eða mengunar frá hreinsisvirki/siturlögn við búið.


Fram kemur í greinargerð að búast megi við lyktarmengun í skamman tíma þegar hæsnaskít er dreift. Unnt ætti að vera að haga dreifingu þannig að óþægindi fyrir næstu nággranna verði sem minnst.

Umhverfisstofnun telur að þar sem jörðin Jarlsstaðir er nokkuð stór þá ætti að vera unnt að dreifa þeim hæsnaskít sem til fellur án óþæginda fyrir næstu nággranna sem eru í nokkurri fjarlægð frá búinu, en hafa ber í huga að upptök lyktarmengunar stafar ekki eingöngu frá eldihúsum. Fram kemur að gólf eldihúsa verða upphitð og þakin spæni þannig að úrgangur verður þurrari og lyktarminni en ella. Ekki er talið að starfsemi búsins sjálfs eða dreifing hæsnaskíts muni hafa neikvæð áhrif á grunnvatn eða vatnsgæði á næstu brunnsvæðum.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymistjóri